

AUGLÝSING
um staðfestingu á breytingu á skipulagsskrá nr. 945/2008
Starfsendurhæfing Vestfjarða.

Stjórn sjóðsins hefur samþykkt eftirfarandi breytingu á skipulagsskrá sjóðsins:

4.gr.orðist svo:

Stjórn Starfsendurhæfingar Vestfjarða er kosin á ársfundi og er skipuð fimm fulltrúum og fimm til vara. Kosið er milli fulltrúa sem tilnefndir eru af stofnendum. Stjórnin er kosin til tveggja ára, þó þannig að tveir fulltrúar eru kosnir annað árið og þrír hitt árið. Hver einstaklingur skal að hámarki sitja í stjórn í 8 ár samfleytt. Stjórn skiptir með sér verkum. Formaður kveður til stjórnarfunda og sér til þess að aðrir stjórnarmenn séu boðaðir til þeirra. Einfaldur meirihluti gildir á stjórnarfundum.

7.gr.orðist svo:

Stjórnin skal boða stofnaðila til ársfundar sem haldinn skal í apríl eða maí ár hvert. Á ársfundi gerir stjórnin grein fyrir starfi stofnunarinnar og leggur fram ársreikninga til samþykktar. Endurskoðaður ársreikningur skal liggja frammi til kynningar minnst viku fyrir ársfund. Þar skal einnig kosning löggilts endurskoðanda og stjórnarfulltrúa fara fram. Á ársfundi gildir einfaldur meirihluti og hver stofnaðili hefur eitt atkvæði nema varðandi breytingar á skipulagsskrá samanber 12. grein.

Ársfund skal boða skriflega með tveggja vikna fyrirvara hið skemmsta. Tillögur um breytingar á stofnskrá og/eða aðrar tillögur til ársfundar skulu berast formanni stjórnar ekki síðar en 15. mars ár hvert og skal getið sérstaklega í fundarboði.

Dagskrá ársfundar skal vera sem hér segir:

1. Skýrsla formanns.
2. Skýrsla forstöðumanns.
3. Ársreikningur liðins árs kynntur og lagður fram til samþykktar.
4. Breytingar á skipulagsskrá (ef við á).
5. Kosning til stjórnar sbr. 4.gr.
6. Kosning endurskoðanda.
7. Önnur mál.

Breytingar þessar öðlist gildi við birtingu.

Ofangreind breyting á skipulagsskrá fyrir Starfsendurhæfingu Vestfjarðar, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

Sýslumaðurinn á Norðurlandi vestra, 22.september 2016.

Ójanni Skerfvingur



Rudolf Þingrímsd.